



Félagsmálaskóli  
alþýðu

**Nám trúnaðarmanna  
Námsskrá**

Trúnaðarmannanámið lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 11 námsþætti. Námið er ætlað trúnaðarmönnum stéttarfélaganna á vinnustaðum. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin, að þeir efla sjálfstraust sitt og lífsleikni auk þess að námið stuðli að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Trúnaðarmenn eru fulltrúar stéttarfélaganna á vinnustaðnum og tenging við félagsmenn. Hlutverk trúnaðarmanna er að kynna sér helstu málefni og vandamál sem brenna á starfsmönnum og leita hugsanlegra lausna. Þeim ber að vinna að bættum kjörum starfsmanna og grípa til nauðsynlegra aðgerða ef þörf er á, þeir eru talsmenn félagslegs öryggis og atvinnuöryggis, skynsamlegra stjórnunarháttanna á vinnustaðnum og eru samráðsaðilar vegna breytinga á vinnustaðnum.

Námsmenn fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, hlutverkaleikir, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem notaðar eru í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við sitt hæfi. Í trúnaðarmannanáminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra og efla sjálfstraust sitt.

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsskrár. Leiðbeinandi metur námsferlið og notar símataaðferðir til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsins á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins. Í trúnaðarmannanáminu eru ekki lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Í lok hvers hluta fyrir sig, fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað. Námsmenn bera saman stöðu sína í lok námsins við væntingar sem þeir gerðu sér í upphafi. Þeir leggja mat á námið, markmið námssins, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti.

### Námsþættir:

<i>Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn</i>	<i>12 kennslustundir</i>
<i>Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða</i>	<i>12 kennslustundir</i>
<i>Samskipti á vinnustað</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Túlkun kjarasamninga – hagfræði</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Lestur launaseðla - launaútreikningar</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Vinnuréttur</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Almannatryggingar og lífeyrissjóðir</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Vinnueftirlit - vinnuvernd</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Sjálfsstyrking</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Að koma máli sínu á framfæri - fundarsköp</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Samningatækni</i>	<i>8 kennslustundir</i>
<i>Samtals</i>	<i>96 kennslustundir</i>

## ***Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn***

### **Námslýsing:**

Megináhersla er lögð á uppbyggingu vinnumarkaðarins auk skipulags og hlutverka hagsmunasamtaka launafólks og launagreiðenda. Farið er yfir uppbyggingu stéttarféлага, kjarasamningagerð, ráðningarsamninga, réttindagæslu og því baklandi sem félögin eru félagsmönnum, skipulag og hlutverk hagsmunasamtaka launafólks og atvinnurekenda, gildi kjarasamninga og hagræn áhrif þeirra. Kynntar eru niðurstöður um þróun launakjara, vinnuafliþörf og mannfjöldaspár. Einnig er lögð áhersla á lýðræði í samfélaginu, muninn á beinu lýðræði og fulltrúalýðræði og hvernig lýðræðið er notað við ákvarðanatöku, m.a. hjá stéttarfélögum og í þjóðfélaginu. Jafnframt er farið yfir réttindi félagsmanna í sjóðum stéttarfélaganna, svo sem sjúkrasjóðum, vinnudeilusjóðum, starfsmenntasjóðum og orlofssjóðum.

### **Helstu efnisþættir:**

Lýðræði, kosningaréttur, opinber og almennur vinnumarkaður, verkalýðshreyfingin, samningsréttur, vinnuréttur, gildi kjarasamninga, lágmarkslaun, markaðslaun og sjóðir félaganna.

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Kynnist hugtökum sem tengjast lýðræði og lýðræðislegum rétti einstaklinga, vinnumarkaði, réttindum og skyldum launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði, stéttarfélögum, gildi kjarasamninga og ráðningarsamningum.
- Geri sér grein fyrir áhrifum og ábyrgð sem einstaklingar hafa í lýðræðislegu þjóðfélagi og mikilvægi þátttöku í ákvarðanatöku.
- Verði meðvitaðir um hvernig íslenskur vinnumarkaður er uppbyggður, hvernig stéttarfélög og verkalýðshreyfingin starfar og hvernig kjarasamningar eru uppbyggðir.

## ***Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða***

### **Námslýsing:**

Megináhersla er lögð á störf trúnaðarmanna stéttarféлага og rétt þeirra til trúnaðarmannastarfa samkvæmt lögum og kjarasamningum. Lögð er áhersla á hvernig tekið er á móti umkvörtunum og hvernig er unnið skipulega til að leysa úr þeim; hvernig samtali er stýrt til upplýsingaöflunar og mismunandi spurnarform notuð. Kynnt eru helstu einkenni nokkurra algengra stjórnunarstíla og hlutverk leiðtoga í ljósi þess að trúnaðarmaður hefur ekki boðvald en verður að vinna sér traust og virðingu til að fá áhrifavald. Farið er yfir ólíka stjórnunarstíla, samskiptamynstur og mismunandi framkomu fólks, svo sem ákveðni, óákveðni og ágengni. Áhersla er lögð á að nemendur geti tileinkað sér aðferðir sem leiða til samheldni

og sátta um niðurstöður. Þá er *Handbók trúnaðarmannsins* kynnt og farið yfir efnispætti hennar.

### **Helstu efnispættir:**

Hlutverk trúnaðarmanna á vinnustöðum, miðlun upplýsinga, upplýsingaleit, viðtöl við samstarfsmenn, kjarasamningsbundinn réttur trúnaðarmanna.

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Þekki í hverju störf trúnaðarmanna er fólgið og hvaða körfur eru gerðar til þeirra.
- Átti sig á réttindum og skyldum sem trúnaðarmenn hafa.
- Þekki hvernig kosning trúnaðarmanna fer fram, ásamt ákvæðum laga og kjarasamninga um kjör þeirra og störf
- Þekki mismunandi stjórnunarstíla og geti greint á milli þeirra.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi árangursríkra samskipta við samstarfsmenn, stéttarfélag og stjórnendur.
- Geri sér grein fyrir áhrifum góðrar upplýsingamiðlunar til samstarfsmanna og samvinnu við stjórnendur og stéttarfélag.

### ***Samskipti á vinnustað***

#### **Námslýsing:**

Farið er yfir ýmis atriði í samskiptaleikni, s.s. að hlusta, gagnrýna, taka við gagnrýni, hrósa og taka við hrósi. Mismunandi hlutverk og verkaskipting í hópi eru skoðuð, hvaða hlutverki einstaklingur tekur að sér innan hópsins og hvers vegna. Fjallað er um grunnatriði samtaltækni og mismunandi tjáskiptaleiðir. Þá verður farið í leiðir til að fyrirbyggja ágreining og draga úr ágreiningi og hver eru einkenni vinnustaða og samskipta þar sem ágreiningur þrífst sem síðar gæti þróast í einelti og áreiti. Farið er í ferli eineltis og afleiðingar fyrir þolendur og gerendur. Fjallað er um einkenni vinnustaða þar sem einelti þrífst, hvað einkennir hegðun og samskipti þolenda, gerenda og annarra starfsmanna. Áhersla er lögð á leiðir til að fyrirbyggja og taka á einelti og fjallað um ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, ásamt því að ákvæði laga og reglugerða um varnir gegn einelti.

### **Helstu efnispættir:**

Mismunandi framkoma og áhrif hennar, tjáskipti, áhrif mikils vinnuálags á samskipti, einelti og þróun þess.

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Kynnist helstu hugtökum sem tengjast samskiptum, framkomu, samskiptavanda, ágreiningi, áreiti og einelti.

- Geri sér grein fyrir áhrifum góðra og slæmra samskipta á alla á vinnustað, slæmri og góðri vinnuástöðu, og góðum og slæmum tjáskiptum.
- Þekkir einkenni eineltis og afleiðingar og leiðir til að vinna á og stöðva einelti.
- Átti sig á hvernig einelti geti þróast út frá slæmum starfsaðstæðum og slæmum vinnuanda.

## ***Túlkun kjarasamninga – hagfræði***

### **Námslýsing:**

Í námskeiðinu verður farið yfir mikilvæg hugtök og viðfangsefni hagfræðinnar t.d. hagvöxt, landsframleiðslu, gengi, hagstjórn og verðbólgu. Jafnframt er lögð áhersla á að þátttakendur skilji samhengi þessara hugtaka við störf trúnaðarmannsins, kjarasamninga og launamyndun. Kafað verður í samspil lífskjara og vinnumarkaðarins við samkeppnishæfni og hagvaxtakenningar.

Farið verður yfir hvernig launamyndun á Norðurlöndunum er háttað út frá hagfræðilegu sjónarhorni og hver markmið kjarasamninga eru í nágrannalöndum.

### **Helstu efnispættir:**

Lífskjör, hagvöxtur, samkeppnishæfni og samspil þessara þátta við kjarasamninga og launamyndun.

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Þekki grunnhugtök hagfræðinnar og hafi þekkingu og skilning á samhengi þeirra við störf stéttarfélaganna og trúnaðarmanna.
- Skilji þá þætti sem hafa áhrif á lykilstærðir í efnahagslífinu sbr. hagvöxt, vinnumarkað, verðlag og gengi.
- Geti hagnýtt sér þekkingu á undirstöðum hagfræðinnar við túlkun og skilning á kjarasamningum, hagstjórnaraðgerðum,

## ***Lestur launaseðla - launaútreikningar***

### **Námslýsing:**

Megináhersla er á skilning námsmanna á uppbyggingu launaseðla og skyldur atvinnurekenda um upplýsingar jafnhliða launagreiðslum. Þjálfun í útreikningum á dagvinnu, yfirvinnu, stórhátíðar kaupum og vinnutíma eru mikilvægir þættir í náminu. Farið er yfir hvaða reglur gilda samkvæmt vinnulöggjöfinni, s.s. hvað atvinnurekanda ber að draga frá launum starfsmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum og hvaða frádráttur er ekki heimill. Þá verður einnig farið yfir mikilvægi varðveislu launaseðla og gildi þeirra sem kvittunar ef erfiðleikar koma upp í rekstri fyrirtækja. Einnig þurfa nemendur að þekkja tímarammann sem starfsmenn hafa til að gera athugasemdir við launa- og vinnutímaútreikninga.

## **Helstu efnispættir:**

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu, dagvinnulaun, yfirvinnugreiðslur, orlofsprósenta eftir fjölda orlofsdaga, lífeyrissjóðsiðgjöld, staðgreiðsla, persónuafsláttur, skattþrep.

## **Markmið og hæfniviðmið:**

### **Að nemendur:**

- Kynnist helstu hugtökum sem tengjast launaútreikningum, launaliðum, frádráttarliðum.
- Geri sér grein fyrir áhrifum tómlætis launamanna við yfirferð launaseðla og nauðsyn þess að yfirfara þá.
- Verði meðvitaðir um hvernig launaliðir eru reiknaðir, launamyndun og skattur er reiknaður.
- Þekki til launaútreikninga og frádráttarliða og hvað ber að gera þegar laun eru ekki rétt, skyldu launagreiðanda að gera skil á skatti og launatengdum gjöldum.

## **Vinnuréttur**

### **Námslýsing:**

Megináhersla er lögð á uppbyggingu og helstu þætti íslenskrar vinnulöggjafar eins og kjarasamninga og lög sem fjalla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Þá verður farið í ákvæði kjarasamninga og laga sem styrkja kjarasamning með áherslu á ráðningarsamninga, laun og launagreiðslur, orlofsrétt, veikindarétt, fæðingarorlof, hópuppsagnir, svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður fjallað um ákveðnar grundvallarreglur, svo sem réttarvernd trúnaðarmanna, samningsrétt stéttarféлага, verkfallsrétt, verkbannsrétt o.fl.

## **Helstu efnispættir:**

Réttindi og skyldur aðila vinnumarkaðarins, ákvæði kjarasamninga og laga, laun og launagreiðslur, orlofsréttur, veikindaréttur, slysaréttur, fæðingarorlof, verkfallsréttur, o.fl.

## **Markmið og hæfniviðmið:**

### **Að nemendur:**

- Þekki meginreglur íslenskrar vinnulöggjafar og skilji helstu ákvæði laga sem varða réttindi og skyldur launafólks og launagreiðenda.
- Geti miðlað upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Átti sig á hvernig stéttarfélög standa að úrlausn ágreiningsmála.

## ***Almannatryggingar og lífeyrissjóðir***

### **Námslýsing:**

Megináhersla er lögð á að draga fram og útskýra heildarmynd velferða – og tryggingamála og hvað hafi áhrif á þessa mynd. Fjallað er um jaðaratvik í almannatryggingum og þætti sem verða pólitískt bitbein. Einnig er fjallað um ábyrgð einstaklinga, fjölskyldunnar, atvinnurekenda og þjóðfélagsins. Farið verður yfir réttindauppbyggingu, hugmyndafræði og styrk íslenska lífeyrissjóðakerfisins og hvernig það byggir á samningum milli aðila verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Farið er yfir helstu lög og reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða, fjárfestingarstefnu og áhættudreifingu og fjallað um samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum sjóðanna. Fjallað um skylduaðild, tryggingavernd og samspil lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins. Útskýrð verða hvaða áhrif breytingar á grunnforsendum hafa á réttindin, s.s. ávöxtun, lífslíkur og örorkulíkur og jafnframt borin saman jöfn ávinnsla og aldurstengd.

### **Helstu efnisþættir:**

Almannatryggingar, starfsemi lífeyrissjóðanna, fjárfestingarstefna, samfélagsleg ábyrgð, skylduaðild, lífaldur, o.fl.

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Hafi öðlast þekkingu og skilning á því hvernig lífeyrissjóðskerfið er byggt upp, þekki helstu lög og reglur sem gilda um lífeyrissjóði.
- Átti sig á samspili lífeyrissjóða og almannatryggingakerfisins og hvaða réttindi menn hafa við töku lífeyris.
- Geti nýtt þekkingu sína á staðreyndum og upplýsingum til að beita og nota við miðlun upplýsinga til samstarfsfélaga sinna.

## ***Vinnueftirlit – vinnuvernd***

### **Námslýsing:**

Megináhersla er lögð á hugmyndafræði sem vinnuverndarlögin byggjast á. Áhersla er á skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum, starf öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar auk hlutverks og ábyrgðar trúnaðarmanna stéttarfélaganna sem og starfsfólks. Fjallað er um starfsemi Vinnueftirlitsins og hvernig má vinna með vinnuverndarlögin, önnur lög, reglur og samninga sem eru til að bæta „lífið í vinnunni“. Jafnframt er farið yfir starfsemi VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs, hugmyndafræði og tilgang sjóðsins.

### **Helstu efnisþættir:**

Gerð áhættumats, eftirlit, vinnuumhverfisvísar og starfsendurhæfing.

## **Markmið og hæfniviðmið:**

### **Að nemendur:**

- Þekki hlutverk og ábyrgð öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og félagslega kjörinna trúnaðarmanna samkvæmt lögum og reglugerðum sem snerta vinnuvernd.
- Átti sig á hlutverki Vinnueftirlitsins og VIRK .
- Verði færir um að stuðla að öruggara starfsumhverfi starfsmanna.
- Þekki helstu lög, reglur og samninga er varða aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum.
- Þekki reglugerð um áhættumat á vinnustað.
- Þekki til málaflokka vinnuverndar og hvaða stoðþjónusta er í boði.

## **Sjálfsstyrking**

### **Námslýsing:**

Megináhersla er lögð á sjálfstraust, sjálfsvirðingu og sjálfsímynd og hvernig þessir þættir hafa áhrif á samskipti í daglegu lífi. Þá verður skoðað hvað ógnar sjálfstrausti fólks og hvernig aðstæður hafa áhrif á sjálfstraust og sjálfsímynd. Fjallað er um áhrif áfalla á sjálfstraust, líðan og heilsu. Farið er yfir leiðir sem stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu. Fjallað verður um óeðlileg samskiptamunstur, meðvirkni, birtingamyndir meðvirkni, og leiðir til að stuðla að betri líðan og jákvæðari samskiptum. Farið verður yfir mikilvægi þess að gæta að eigin heilsu, virða eigin mörk og auka þar með lífsgæði sín og vellíðan í starfi.

### **Helstu efnisþættir:**

Sjálfstraust, sjálfsvirðingu, sjálfsímynd og meðvirkni.

## **Markmið og hæfniviðmið:**

### **Að nemendur:**

- Hafi öðlast þekkingu á hugtökunum sjálfstraust, sjálfsvirðing, sjálfsímynd og meðvirkni og skilning á því hvernig það hefur áhrif á samskipti fólks.
- Átti sig á birtingarmyndum góðrar/lélegrar sjálfsmyndar og þekkir áhrifavalda sem draga úr eða auka sjálfstyrk
- Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að gæta að eigin heilsu, virða eigin mörk og auka þar með lífsgæði sín og vellíðan í starfi.
- Geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að stuðla að góðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra.

## ***Að koma máli sínu á framfæri – fundarsköp***

### **Námslýsing:**

Megináhersla er á undirbúning framsögu og umræður á vinnustaða- og félagsfundum, fundarstjórn, fundarsköp og frágang fundargerða. Einnig er fjallað um einkenni og tilgang



ýmissa ræðuforma, kröfum lýst sem gerðar eru til röksemdafærslu, algengar rökvillur og gryfjur sem beri að varast. Lögð er áhersla á að skilgreina helstu einkenni rökræðu, mikilvægi þess að hlusta á skoðanir annarra og hvernig leikni í rökræðu kemur að notum í samningaviðræðum og daglegu lífi. Fjallað er um hvernig rökvillur eru greindar og farið er yfir áróðurstækni sem hefur verið notuð gegnum tíðina og enn er notuð til að hafa áhrif á okkur.

### **Helstu efnispættir:**

Framsaga, fundarstjórn, fundarsköp og frágang fundargerða

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Hafi öðlast þekkingu á grunnþáttum rökfræði og geti nýtt sér hana í daglegu lífi og starfi sem trúnaðarmenn.
- Þekki heimildir í kjarasamningum er varða vinnustaðafundi og þekki helstu atriði fundarskapa og ræðuforma.
- Geti hagnýtt sér og beitt viðeigandi fundarsköpum og verði færir um að koma máli sínu á framfæri á skipulegan hátt, bæði í rituðu og töluðu máli.
- Geti stýrt vinnustaðafundum eftir gildandi fundarsköpum og stuðlað að jákvæðum tjáskiptum við aðra.

### ***Samningatækni***

#### **Námslýsing:**

Farið er yfir helstu hugtök í samningatækni. Megináhersla er lögð á að eðli og markmið samninga, grunnatriði samningagerðar, hvernig hún er notuð í daglegu lífi við úrlausn mála sem koma inn á borð trúnaðarmanna. Áhersla er lögð á vandaðan undibúning, markmiðasetningu, veikleika- og styrkleikagreiningar, mikilvægi samningsumboðs og tengslanets, einnig innri og ytri aðstæður sem geta haft áhrif á samningsstöðu.

### **Helstu efnispættir:**

Grunnatriði samningatækni, markmiðasetning, veikleika- og styrkleikagreiningar o.fl.

### **Markmið og hæfniviðmið:**

#### **Að nemendur:**

- Hafi öðlast þekkingu og skilning á helstu hugtökum sem notuð eru við samningagerð.
- Þekki mikilvægi þess að upplýsa og virkja þá aðila sem verið er að semja fyrir,
- Átti sig á algengustu mistökum sem gerð eru í samningaviðræðum og þá erfiðleika sem koma upp við samningagerð.
- Hafi öðlast leikni í að setja fram raunhæf markmið og aðlaga markvissa upplýsingaöflun eftir aðstæðum.

Verði færir um að greina styrkleika og veikleika mála sem fjallað er um hverju sinni og setja fram raunhæf markmið, hlusta og setja upplýsingar fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi.